



Fréttabréf hjúkrunar á Landspítala


2. tbl. 2022

Útgefandi: Ólafur Guðbjörn Skúlason framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala
Ritstjórn: Eygló Ingadóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri
Yfirlestur: Þorgerður Ragnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri
Myndir: Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari Landspítala

Covidfaraldurinn markaði áfram starfsemi Landspítala 2022. Árið byrjaði með 23 innliggjandi covidsjúklingum en daglega greindust 1 til 2 þúsund manns allt til loka febrúar 2022 þegar smitin fóru mest upp í tæplega 5000 manns á dag. Í lok febrúar 2022 var öllum samkomutakmörkunum aflétt en í mars náði faraldurinn hámarki sínu á Landspítala þegar 88 sjúklingar voru með covid. Eftir það fór covidsmituðum að fækka en áhugavert er að skoða tölulegar upplýsingar um faraldurinn á Landspítala 2022. Á Íslandi létust árið 2022 210 manns af völdum Covid-19 samkvæmt tölum frá Embætti landlæknis.

Mikið hefur mætt á farsóttanefnd Landspítala í covidfaraldrinum en Hildur Helgadóttir hjúkrunarfræðingur tók við formennsku í henni í mars 2022. Hér má sjá Hildi segja frá starfi nefndarinnar.

Miklar skipulagsbreytingar urðu á Landspítala en nýtt skipurit Landspítala tók gildi 1. janúar 2023, sjá hér.



Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala lét af störfum í lok september 2022 en hún hafði gegnt því starfi frá árinu 2012 og sóttist ekki eftir endurráðningu. Hrund Sch. Thorsteinsson var ráðin í hennar stað til áramóta. Þrír sóttu um stöðu framkvæmdastjóra hjúkrunar, en það voru Þórdís Þorsteinsdóttir, Helga Sif Friðjónsdóttir og Ólafur Guðbjörn Skúlason, en sá síðastnefndi var ráðinn í starfið frá 1. janúar 2023.

Ólafur Guðbjörn Skúlason framkvæmdastjóri hjúkrunar

Þverfaglegt fagráð Landspítala var stofnað 2021 og er ætlað að taka við hlutverki hjúkrunar- og læknaáæðs spítalans. Árið 2022 opnaði fagráðið nýja heimasíðu [sjá hér](#). Fagráðið stóð fyrir málþingi um alvarleg atvik í heilbrigðisþjónustu og áhrif þeirra á heilbrigðisstarfsfólk, 14. september 2022, sjá [hér](#).

Sumarið 2022 var erfitt á mörgum deildum Landspítala vegna manneklu og í byrjun september funduðu deildarstjórar um ástandið. Í kjölfarið var skipulögð vinnustofa þar sem verkefni voru greind sem létt gætu álagi á deildarstjórum. Sem dæmi má nefna er nú verið að bæta þjónustu við deildir og deildarstjóra t.d. varðandi mannauðsmál, tölvumál og fleira.



Vinnustofa deildarstjóra í september 2022

Þverfaglegur hópur á Landspítala hefur leitt innleiðingu sérstaks samtalsforms um meðferðarmarkmið við sjúklinga með langvinna, lífsógnandi sjúkdóma sem eru í þjónustu á spítalanum en rannsóknir benda til að slíkt samtal bæti lífsgæði sjúklinga og aðstandenda þeirra í erfiðu sjúkdómsferli. [Hér má sjá nánari upplýsingar](#) um þetta verkefni.

Í krabbameinsþjónustu Landspítala hefur verið tekin í notkun ný rafræn samskiptagátt, Heilsumeðvera, sem ætlað er að bæta aðgengi einstaklinga í heimahúsum að upplýsingum og þjónustu, og auðvelda heilbrigðisstarfsfólki að hafa yfirsýn yfir sjúklingahópinn. Nánar má heyra um verkefnið [hér](#).

Hreyfirásin er ný sjónvarpsrás í sjúklingasjónvarpi Landspítala en þar er að finna æfingar og fræðsluefni, bæði fyrir innliggjandi sjúklinga og aðstandendur þeirra. Sólveig Pálsdóttir sjúkráþjálfari leiddi verkefnið og [hér er hægt að sjá viðtal](#) við hana um verkefnið.

Hin árlega umbótaráðstefna Landspítala var haldin 25. október 2022. Þar var m.a. fjallað um sjúkraskrá á Landspítala, túlkajónustu, jafningajónustu á geðdeildum og fleira. [Hér er hægt að sjá ráðstefnuna](#).

Verkefnastofa Landspítala stóð fyrir málþingi á alþjóðlega óráðsdeginum 16. mars 2022. Hægt er að horfa á málþingið [hér](#) en [hér](#) er fyrirlestur Berglindar Indriðadóttur iðjubjálfa um óráð og byltur.

Þrýstingssáravarnir

- Heimasíða með upplýsingum um markvissar þrýstingssáravarnir var opnuð á árinu en ætti að geta nýst fagfólki, sjúklingum og nemendum um land allt. [Hér er tengill á heimasíðuna.](#)
- HNE, lýta og æðadeildin A4 hlaut á haustdögum 2022 [viðurkenningu](#) fyrir einstaklega góðan árangur í vörnum gegn þrýstingssárum en deildin hefur lagt mikla vinnu í að innleiða verklag til að koma í veg fyrir þrýstingssár hjá sjúklingum. Það hefur meðal annars skilað þeim árangri að deildin hefur nokkrum sinnum náð tæplega 150 daga tímabili án þess að nokkur þrýstingssár hafi myndast hjá sjúklingum deildarinnar.
- Alþjóðlegur dagur þrýstingssáravarna var haldinn 17. nóvember 2022. Af því tilefni var haldið opið hús til að vekja athygli á fræðslufni og nýjum veggspjöldum um þrýstingssáravarnir, [sjá hér](#).

Byltur og byltuvarnir

- Fjöldmenn þverfagleg [ráðstefna um byltuvarnir](#) var haldin á alþjóðadegi byltuvarna 22. september 2022, en hún hafði undirheitið *með vísindi og forvarnir að leiðarljósi*. Ráðstefnan var haldin í samvinnu byltuvarnarnefndar Landspítala og ýmissa annarra og hægt var að horfa á hana í streymi. Hér má sjá upplýsingar um ráðstefnuna.
- Konstantin Shcherbak, lyf- og öldrunarlæknir MSc, hélt fræðsluerindi um ítarlegar uppvinnslu vegna byltuhættu sjúklinga (GLASS-BONES) og aðrar byltuvarnaraðgerðir á fræðslufundi hjá rannsóknarstofu HÍ og LSH í öldrunarfræðum á árinu. Hægt er að hlusta á erindið [hér](#).
- Byltuvarnarnefnd Landspítala stendur að innleiðingu markvissra byltuvarna á deildum Landspítala. Búið er að innleiða verklagið á öldrunar og endurhæfingarþjónustu, hjarta- og æðarþjónustu og innleiðing er byrjuð á öðrum sviðum. Ein deild náði sérstaklega góðum árangri í byltuvörnum eftir innleiðingu en það var K2 á Landakoti, en byltum fækkaði úr 5,5 á 1000 legudaga árið 2020 í 4,2 árið 2021 og 3,4 fyrstu 9 mánuði ársins 2022.

Metfjöldi hjúkrunarnema er nú á fjórða ári hjá Háskóla Íslands, eða 120 nemar. Við Háskólann á Akureyri eru nú 46 hjúkrunarnemar að klára sitt nám. Undanfarin ár hefur hjúkrunarfræðinimum fjölgað talsvert, bæði við HÍ og HA, sjá t.d. þessa frétt: [Hjúkrunarnemar í klínísku námi á lokaári aldrei fleiri en nú frá HÍ.](#)

Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar [veitti í september 2022 tveimur deildum Landspítala viðurkenningar fyrir framúrskarandi námsumhverfi hjúkrunar- og sjúkraliðanema](#). Þetta voru heila-, tauga- og bæklunarskurðeild B6 og bráðageðeild 32C. Val á deildum sem fá viðurkenningar grundvallast á niðurstöðum kannana sem nemendur svara eftir hvert klínískt námstímabil.

Haustið 2022 hófst starfsþróunarár fyrir erlenda hjúkrunarfræðinga í fjórða skiptið og voru þátttakendur 20 í byrjun en fjölgaði þegar á leið. Fræðsla á starfsþróunarárinu felst í fyrirlesturum, kennslu á rafræn kerfi spítalans, handleiðslu reyndra hjúkrunarfræðinga, jafningjastuðningi og færniþjálfun í hermisetri. Nú er einnig boðið upp á framhalds starfsþróunarár fyrir hjúkrunarfræðinga.

Starfsþróunarár fyrir nýútskrifaða hjúkrunarfræðinga hófst í 9. skiptið haustið 2022 og voru þátttakendur 55 í byrjun en fjölgaði þegar á leið árið. Mikil ánægja er með starfsþróunarárið, bæði meðal þátttakenda og stjórnenda í hjúkrun og sýna kannanir að þátttaka í því flýtur fyrir aðlögun hjúkrunarfræðinganna og leggur grunn að farsælum starfsferli. Ákveðið hefur verið að frá og með haustinu 2023 verði þátttaka í starfsþróunarárinu skylda fyrir nýútskrifaða hjúkrunarfræðinga sem hefja störf á Landspítala.



Þegar starfsþróunarári fyrir nýútskrifaða hjúkrunarfræðinga lýkur býðst þeim að halda áfram á starfsþróunarár B, en markmiðið með því er m.a. að dýpka þekkingu og færni í starfi. Einnig er markmiðið að auka vellíðan, starfsánægju og festu í starfi. Á þessu starfsþróunarári eru 7 fræðsludagar með staðarnámi og rafrænni fræðslu og eru kennsluáðferðir mjög fjölbreyttar.

Mikil ánægja er með starfsþróunarárin og fyrirhugað er að bjóða upp á starfsþróunarár fyrir nýútskrifaðar ljósmæður haustið 2023.

Fjölmörg starfsþróunarnámskeið eru í boði fyrir hjúkrunarfræðinga á Landspítala, bæði rafræn námskeið og staðarnámskeið. Námsframboð er hægt að sjá í [námskrá Landspítala](#).

Herminám á starfsþróunarári

Reglulega heldur menntadeild Landspítala sérstök starfsþróunarnámskeið fyrir sjúkraliða en markmið þeirra eru að dýpka þekkingu og kynna nýjungar í starfsemi spítalans (sjá [námskrá Landspítala](#)). Sjúkraliðar sækja að auki önnur þverfagleg námskeið menntadeildar, s.s. Námskeið um öryggi sjúklinga (Basic Patient Safety), Ígrundun, Endurlífgunarnámskeið og Hermun á heimavelli. Að auki sækja sjúkraliðar starfsþróunarnámskeið til [Framvegis](#), miðstöðvar símenntunar.

Í viku bráðahjúkrunar 2022 á Landspítala voru birt fjölmörg myndbönd með viðtölum við starfsfólk, t.d. við [Neil Rosento sjúkraliða](#).

Í viku hjúkrunar í maí 2022 voru birt tvö myndskleið með viðtölum við heilbrigðisstarfsfólk sem er nýbúið að ljúka námi. Hér má sjá viðtöl við [þrjá sjúkraliða](#), [tvo hjúkrunarfræðinga](#) og [tvo hjúkrunarfræðinga af erlendum uppruna](#).

Árið 2022 var endurbætt áætlun um [viðbrögð við einelti, áreitni og ofbeldi milli starfsmanna](#) birt en hana er að finna í Gæðahandbókinni á innra neti Landspítala. Þá hefur verið komið fyrir tilkynningahnappi á innri og ytri vef Landspítala sem nota má til að tilkynna hvers konar áreiti, [sjá frétt hér](#).

Haustið 2022 byrjuðu á Landspítala námskeið fyrir starfsmenn og stjórnendur um jafnrétti og fjölbreytileika en umsjón með þeim var í höndum Sóleyjar Tómasdóttur, Þorsteins V. Einarssonar og Herðisar Sólborgar Haraldsdóttur. Markmiðið með námskeiðunum er m.a. að styrkja jafnréttismenningu innan Landspítala. Boðið hefur verið t.d. upp á námskeið um inngildandi stjórnarhætti á Landspítala, um jafnrétti og fjölbreytileika og svo námskeið sem ber nafnið „Að rugga bátnum án þess að velta honum“. Nánari upplýsingar um námskeiðin eru í [Námskrá Landspítala](#).

Í [Hlaðvarpi Landspítala](#) má t.d. hlusta á Geðvarpið sem er þáttasýrpa stjórnað af dr. Helgu Sif Friðjónsdóttur geðhjúkrunarfræðingi og fjallar um geðhjúkrun og Legvarpið sem er þáttasýrpa stjórnað

af hjúkrunarfræðingunum og ljósmæðrunum Sunnu Maríu Helgadóttur og Stefaníu Ósk Margeirsdóttur og fjallar um allt sem viðkemur barneignaferlinu.

Í árslok 2022 flutti RÚV þáttaröðina Geðbrigði – breyttar áherslur í geðheilbrigðiskerfinu í umsjón Guðrúnar Hálfánardóttur þáttagerðarkonu, Margrétar Möndu Jónsdóttur hjúkrunarfræðings og deildarstjóra og Tómasar Hrafn Ágústsonar sérnámslæknis.